

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 15. ágúst 2016
UST201607-074/K.S.J.
10.04.02

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007 – 2027 opið svæði í landi Kirkjubóls.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fjarðabyggðar er barst 11. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007 – 2027 opið svæði í landi Kirkjubóls.

Skipulagssvæðið

Með skipulagsbreytingunni er áætlað að stækka opið svæði til sérstakra nota á Kirkjubólseyrum í landi Kirkjubóls, Fjarðabyggð, úr 9 ha í 20 ha. Í greinargerð kemur fram að meginmarkmið með breytingartillögu er að geta boðið upp á stærra svæði fyrir nýjar lóðir og athafnasvæði fyrir hesthús og annan frístundabúskap.

Umhverfisáhrif breytingar

Umhverfisstofnun tekur undir það að þess verði gætt að engar byggingar verði nær Norðfjarðará en 50 m og að gert er ráð fyrir að göngu- og reiðleið verði meðfram ánni. Einnig tekur stofnunin undir að skoða þurfi áhrif breytingarinnar á vatnstökusvæði við Kirkjuból.

Virðingarfyllt

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Hildur Vésteinsdóttir
Teymisstjóri